

Alþingi
Erindi nr. P 135/432
komudagur 26.11.2007



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 23.11.2007
Tilv. 2005/0037

GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 16. mál, tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga (135. löggj.þ.)

Heildarmat

Vísað er til bréfs yðar, dags. 2. nóvember sl., um ofangreint þingmál. Að óbreyttu tel ég þingsályktunartillögu (þál.till.) þessa í heildina geta orðið til hagsbóta fyrir neytendur eins og rökstutt skal í umsögn hér að neðan. Legg ég til að þál.till. verði samþykkt Alþingi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram koma hér á eftir.

Almennt um þingsályktunartillöguna

Meðal hlutverka talsmanns neytenda er skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda, stuðla að aukinni neytendavernd og setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af því takmarka ég efnislega umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

Fyrst skal þó bent á að í fyrirsögn þál.till. er rætt um samkeppnisstöðu *fyrirtækja* í eigu ríkis og sveitarfélaga en í meginmáli þál.till. er bætt við *stofnunum* sömu aðila. Sömuleiðis er í meginmáli ýmist rætt um einkaaðila, einkafyrirtæki eða sérhæfða aðila – sem rétt er að skýra frekar, sbr. athugasemd hér að neðan um sjálfseignarstofnanir.

Þess skal einnig getið að embætti talsmanns neytenda fylgir í eigin starfsemi þeim sjónarmiðum sem fram koma í þál.till. um að leita ekki síður til utanaðkomandi verktaka um verkefni eftir því sem fjárheimildir embættisins standa til. Er það m.a. vegna eigin stefnumörkunar en einnig vegna þess að lög um embættið og aðrar aðstæður útiloka embættið frá því að ráða starfsmenn með ráðningarsamningum beint eða óbeint; er því brugðist við því með gerð verktakasamninga – að jafnaði að undangengnu útboði, hvort sem slíkt er

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirráðgjafi frá öðrum

lögskilt eður ei. Þá skal tekið fram að talsmaður neytenda telur – m.a. vegna fyrirmæla í lögum um embættið um að hann sé óháður fyrirmælum frá öðrum – að óeðlilegt sé að gera ráð fyrir sértekjum til handa embættinu.

Rök með þál.till.

Ég tel æskilegt að þál.till. nái fram að ganga. Vísa ég þar til þeirrar dæmatalningar og þess rökstuðnings sem fylgir í greinargerð með þál.till., sem ég get að mestu leyti tekið undir. Ég tek fram að ég tel eðlilega nálgun að *ákvarðanir* séu áfram hjá opinberum aðilum og verði ekki framseldar – svonefndu ytra valdframsali – nema með sérstakri lagaheimild hverju sinni. Á hinn bóginn sé eðlilegt að leggja mat á það hverju sinni hvort hagkvæmt er og eðlilegt að *framkvæmd tiltekinna verkefna* sé fyrir komið hjá einkaréttarlegum aðilum. Vek ég athygli á að þar koma ekki síður til greina sjálfseignarstofnanir – sem ég tel oft hentugri í slíkan rekstur almannaþjónustu – en (einka)hlutafélög sem fremur koma til greina í hreinum arðsemisrekstri eins og áður hefur verið bent á.


Þá má með vísan til röksemda á bls. 4 í greinargerð með þál.till. um hlutfall ákvarðana samkeppnisyfirvalda á þessu sviði árétta að æskilegt er að efling stofnana sem eiga að gæta hagsmuna neytenda nýtist neytendum sjálfum beint fremur en í deilum milli fyrirtækja eða fyrirtækja og opinberra aðila.

Þó þarf ætíð að huga að því hvort framkvæmd tiltekinna verkefna af hálfu einkaréttarlegra aðila samræmist þeirri staðreynd að yfirleitt fylgir ríkari ábyrgð að lögum opinberum rekstri en einkarekstri.

Nýjum verkefnum og auknum skyldum stofnana fylgi fjárframlag

Í því skyni að fylgja eftir sjónarmiðum þál.till. vil ég árétta það sjónarmið, sem áður hefur komið fram af minni hálfu, að þegar ákveðið er að fela opinberum aðila ný verkefni eða auknar skyldur sé um leið tekin ákvörðun um fjármögnun þeirra – annað hvort með auknu rekstrarfé af fjárlögum eða með því að tilgreina hvaðan rekstrarfé til hinnar nýju þjónustu á að koma. Á þessu er oft misbrestur. Afleiðingin er oft að sú nýja þjónusta sem hinum opinbera aðila er falið að sinna er ekki veitt eða kemur niður á annarri þjónustu. Kemur þetta verklag oft niður á hagsmunum og jafnvel réttindum neytenda.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda.



Gísli Tryggvason.